

Alþingi
Erindi nr. P 132/1984
komudagur 2.5.2006

Sandgerði, 2. maí 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 688. mál

Náttúrustofur hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 688. mál.

Samtök náttúrustofa fagna framkomnu frumvarpi enda löngu kominn tími til að þjóðin eignist safn um náttúru landsins sem væri frambærilegt á alþjóðlegan mælikvarða. Einungis eru gerðar athugasemdir við 2. grein þess sem fjallar um hlutverk safnsins.

Að mati Samtaka náttúrustofa er hlutverk safnsins er ekki nægilega skýrt í frumvarpinu. Metnaðarfullt og gott safn um náttúru Íslands þarf á skýrum og metnaðarfullum lögum að halda.


Nú þegar eru í landinu nokkur söfn sem uppfylla að hluta það hlutverk sem Náttúruminjasafni Íslands er ætlað samkvæmt frumvarpi þessu. Þess vegna er nauðsynlegt að lög um Náttúruminjasafn Íslands skapi því strax sérstöðu með því að ætla safninu að taka á öllum þáttum náttúru landsins, frá hæstu fjallstoppum niður í dýpstu hafála, frá æsilegustu hamfaraflóðum í hægfare vöxt kóralla og frá landmótunarkröftum hafs, jökla og veðurs í niðurbrot smádyra á jurtaleifum og þannig mætt áfram telja.

Í umfjöllun um hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að mati Samtaka náttúrustofa óþarflega mikið gert úr samspili manns og náttúru. Það tilheyrir mun frekar hinum höfuðsöfnunum tveim, þ.e.a.s. Þjóðminjasafni og Listasafni. Saga byggðar, atvinnu og lista landsins er samofin náttúru og náttúrufari þess, en saga náttúru landsins er ekki tengd nýtingu hennar, þó vissulega hafi búseta sett mikið mark á hana á síðustu árhundraðum. Náttúra Íslands er nógu merkileg og stórbrotin til að standa undir safni ein og sér, nýting hennar ætti að vera hliðar/auka- en ekki aðalatriði.

Samtökum náttúrustofa þykir óljóst hvað nýting náttúruaðlinda utan lands hafi með Náttúruminjasafn Íslands að gera. Þetta atriði þarf að skýra betur. Er átt við að safnið geti nýst á sem bestan hátt til kennslu og þar með sýnt á skýran hátt auðlindir annarra landa og sett Ísland og auðlindir þess í víðara samhengi eða er hugsunin sú að hægt sé að sýna hvað verður um íslenskar auðlindir sem nýttar eru, t.d. hvað aðrar þjóðir gera við íslenskan saltfisk?

Samtök náttúrustofa eru sammála um að framkomið frumvarp er sé stórt skref í rétta átt og mun vonandi flýta því að aðstaða náttúruminjasafns komist í gott horf hið fyrsta.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa,



Sveinn Kári Valdimarsson, formaður,
forstöðumaður Náttúrustofu Reykjaness
Garðvegi 1
245 Sandgerði